

Bæjarskrifstofur Garðabæjar
Velferðarmál
Garðatorg 7
220 Garðabæ

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	30.08.2017
Málalýkill	00.10.1
Mál nr.	1708473

Reykjavík 30. ágúst 2017

Efni: Fyrirspurn um heimild til að veita heyrnarlausum, heyrnarskertum og dauflblindum Garðbæingum túlkun í tómstundar -og menningarviðburðum vegna ársins 2018

Við förum þess á leit við Garðabæ að veita heyrnarlausum, heyrnarskertum og dauflblindum, túlkun í tómstundar -og menningarstarfi á komandi ári vegna þátttöku þeirra í menningar og frístundastarfi í Garðabæ og Álftanesi.

Í Garðabæ búa nokkrir einstaklingar sem nota túlkaþjónustu að staðaldri. Að þessu sinni óskum við eftir 100.000 króna styrk fyrir túlkun í menningar -og tómstundastarfi árið 2017.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra veitir túlkaþjónustu gegn gjaldi skv. gjaldskrá nr. 444 6. maí 2013


Táknmálstúlkun er nauðsynleg forsenda þess að heyrnarlausir, heyrnarskertir og dauflblindir einstaklingar geti tekið þátt í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli.

Í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61, 7. júní 2011. 13. gr. segir um skyldur ríkis og sveitarfélaga að þau skulu tryggja að allir sem þess þurfa eigi kost á þjónustu á íslensku táknmáli og að íslenskt táknmál sé jafnréttthátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota.

Heyrnarlausum/dauflblindum er almennt tryggður réttur til túlkaþjónustu þegar kemur að opinberri þjónustu sem veitt er á grundvelli opinbers réttar. Þegar kemur að þjónustu sem veitt er af einkaaðilum eða öðru starfi sem er á grundvelli einkaréttar er réttastaða heyrnarlausra/dauflblindra ekki tryggð. Þetta á við td. um ýmsa menningarstarfsemi, starfsemi íþróttar og æskulýðsfélaga ofl. Aðgengi heyrnarlausra/dauflblindra að þessum vettvangi er aðeins möguleg með milligöngu táknmálstúlks. Með því að tryggja fjármagn (sjóð) sem heyrnarlausir/dauflblindir geta leitað til vegna kostnaðar við túlkaþjónustu er komið á mótis við möguleika þeirra til þátttöku í samfélaginu. Áætlað er að túlka 10 tíma fyrir styrkinn á árinu 2018

Síðastliðin ár hefur Reykjavíkurborg ásamt nokkrum öðrum sveitarfélögum greitt túlkun fyrir heyrnarlausum borgarbúa á þessu sviði.

Með ósk um gott samstarf,


Fanney Ingólfssdóttir
sviðsstjóri fjármála



